

## Endurskoðun grunnskólalaganna – umsögn ADHD samtakanna

**Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem vinnur að endurskoðun grunnskólalaganna kallaði fulltrúa ADHD samtakanna á sinn fund 14. júní sl. Eftirfarandi er umsögn fulltrúa ADHD samtakanna.**

**Hvaða meginsjónarmið ætti að hafa að leiðarljósi við endurskoðunina.**

**1. Fyrst skal bent á að hagsmunir barna og unglinga með ADHD og skyldar raskanir í skólasamfélaginu eru samofnir hagsmunum allra barna og unglinga í grunnskólanum þar sem ljóst er að hvað fram fer í skólastofunni hefur áhrif á öll börn í hverjum bekk.**

**2. Viðhorf kennara og alls skólasamfélagsins til barna með ADHD og skyldar raskanir.**

Í skóla án aðgreiningar þarf að vinna markvisst með viðhorf til barna sem greinst hafa með ADHD og skyldar raskanir, jafnt meðal kennara, annarra starfsmanna skólasamfélagsins og barnanna.

- Skóli án aðgreiningar hlýtur að leggja áherslu á að rækta og efla þau viðhorf „að það er í lagi að vera öðruvísi“ og „fjölbreytni auðgar“ og „allir eru góðir í einhverju“. Lykillinn að mannúðlegu skólaumhverfi sem tekur tillit til ólíkra einstaklinga hlýtur að felast í virðingu fyrir barninu sem einstakling með sína styrkleika og veikleika eins og aðrir, í viðmóti allra við barnið. Innleiða þarf þessi viðhorf sérstaklega.

- Vinnan þarf að fela í sér sýnilegar aðgerðir sem reynst hafa vel til að hafa áhrif á viðhorf samanber „þjóð gegn þunglyndi“ og „geðorðin tíu“. Umfjöllun



þarf að eiga sér stað innan veggja skólanna, útgáfa með einkunnarorðum og jákvæðum staðhæfingum og slagorðum á sýnilegum plakötum á veggjum skólanna og helst víðar.

- Vinna þarf markvisst að því að kennarar og annað starfsfólk skólanna viðurkenni að ADHD greiningar fela í sér raunverulega taugaröskun sem getur haft alvarlegar afleiðingar á þroskamöguleika barnanna og takmarkað lífsgæði þeirra, með öðrum orðum að ADHD er „dulin fötlun“.

- Vinna þarf með viðhorf í samfélaginu gagnvart lyfjagjöf við ADHD. Sjálfsagt þykir að nota lyf við astma og ofnæmi, en fordómarnir gagnvart lyfjagjöf vegna ADHD virðast ekki á undanhaldi. Í því sambandi þarf að vekja athygli á að afleiðingar ADHD geta verið mjög alvarlegar. Barnið eða unglingurinn hefur ekki sömu forsendur og önnur börn til að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í skólasamfélaginu þar sem þeim er þó ætlað að vera vegna 10 ára skólaskyldu. ADHD taugaröskunin hefur

áhrif bæði á námslega stöðu sem og félagslega stöðu og barn sem fer halloka bæði námslega og félagslega er líklegra til að þróa með sér einkenni þunglyndis, kvíða og sjálfsmorðshugsana. Börn og unglingar með ADHD eru viðurkenndur áhættuhópur hvað varðar áfengi og fíkniefni og virðast einnig veik fyrir öðru s.s. tölvuleikjafíkn, spilafíkn og annarri spennufíkn sem eykur framleiðslu svokallaðra „hamingjuboddefna“ s.s. Serotonin og Dopamin. En ADHD felur m.a. í sér truflun á þessum boðefnum.

**3. Þekking kennara og annarra starfsmanna skólasamfélagsins á einkennum ADHD og skyldra raskana og þekking á vinnubrögðum og gerð stuðningsáætlana í kjölfar ADHD greiningar.**

Þekkingu kennara og annarra starfsmanna skólasamfélagsins á hver eru einkenni ADHD, hverjar eru orsakir ADHD og hvaða afleiðingar ADHD hefur fyrir börn og unglinga hefur verið stórlega ábótavant. Undanfarin ár hefur þó heilmikið breyst hvað grundvallar

# Endurskoðun grunnskólalaganna



Þekkingu á einkennum ADHD varðar. Aftur á móti er ákaflega takmörkuð þekking á því hvers konar kennsluaðferðir gagnast við kennslu barna með ADHD eða hvernig á að vinna stuðningsáætlun þar sem tekið er tillit til þess hversu fjölbættur vandi fylgir ADHD.

- Vinna þarf á fjölbreytilegan hátt að því að kennarar og annað starfsfólk grunnskólans öðlist nauðsynlega þekkingu, „verkfærakassa“ og færni til að kunna helstu kennsluaðferðir við kennslu barna með ADHD sem um leið gagnast öllum börnum, aðlagja þarf skóla-umhverfið að þörfum nemenda með ADHD, t.d. undirbúa fyrirsjáanlegar óskipulegar aðstæður sem vitað er að börn með ADHD ráða illa við, fyrirbyggjandi aðgerðir í skipulagi kennslu og skólaumhverfis, sjónræn fyrirmæli og skipulag, viðmót og úrræði sem styrkja sjálfsmyndina.

- Nemandi með ADHD þarf aðstoð við að skipuleggja verk sín, bæði í skóla, við heimanám og tómstundir, afmörkuð verkefni og vinnulotur sem hæfa úthaldi og einbeitingu. Fastir rammar, skýr og sýnileg dagskrá og reglur, litlir hópar, og aðlögun rýmis að mismunandi þörfum eru þættir sem geta auðveldað til muna kennslu barna með ADHD og skyldar raskanir. Gera þarf ráðstafanir til að draga úr áreiti í vinnuumhverfi barns

með ADHD. Reglulega þarf að endurskoða hvort sérkennslan/ stuðningurinn sem barnið fær skilar árangri og breyta áætlun eftir þörfum. Fjölga þarf starfsstéttum innan skólanna til að mæta sérþörfum nemenda s.s. iðjubjálfa og sjúkrapjálfa.

- Í Kennaraháskóla Íslands þarf frá grunni að endurskoða og endurbæta hvernig staðið er að kennaranámi um kennslu nemenda með ADHD og skyldar raskanir. Bæði í grunnnámi kennara og símenntun kennara. KHÍ ætti að vera leiðandi afl í innleiðingu kennsluaðferða og þróun úrræða í skólaumhverfinu sem gerir kennurum kleift að takast á við stóra bekki með hátt hlutfall barna með frávik. Sömuleiðis ætti KHÍ að vera leiðandi í mótun uppbyggilegra viðhorfa meðal kennara gagnvart börnum með allavega greiningar og sérþarfir. Kennararnemi þarf að kynna raunveruleika kennarastarfsins í náminu og hann/hún þarf að hafa praktíska kunnáttu og verkfæri í farteskinu til að geta tekist á við krefjandi aðstæður í bekkjarkennslu.

- Leita þarf þekkingar bæði innan lands og utan lands. Gera þarf kennurum, sérkennurum, námsráðgjöfum, sálfræðingum skóla, skólahjúkrunarfræðingum, sérgreinakennurum og skólastjórum kleift að sækja námskeið og ráðstefnur um ADHD bæði hérlendis og erlendis.

T.d. með því að bjóða upp á sérstaka styrki fyrir áhugasama kennara eða aðra fagaðila í skólunum. Ýmis fagfélög, hagsmunafélög og sérfræðingar gætu komið að þessari vinnu.

- Vekja þarf athygli á þeim skólum, skólastarfi og kennsluháttum sem nú þegar eru við líði, sem sannanlega bera vott um betri námslega og félagslega stöðu nemenda með ADHD, miðla þeirri þekkingu og leiðum til árangurs til annarra skóla.

- Koma þarf á þverfaglegum sérhæfðum ADHD ráðgjafarteymum sem kennarar og annað starfsfólk skólanna geta leitað til.

- Koma þarf á þekkingarmiðstöðvum um ADHD og skyldar raskanir annað hvort í einstaka skólum eða í samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélaga, heilsugæslustöðvar, sérfræðinga og hagsmunasamtök.

- Enginn kennari á að standa uppi einn og óstuddur með bekk þar sem eru 5 - 10% nemenda með frávik í þroska. Koma þarf á virku handleiðslukerfi kennara.

## 4. Skipulag kennslu á unglingsstigi grunnskólans er afleitt fyrir unglinga með ADHD.

Unglingastigið þ.e. 8. – 10. bekkinn þarf að endurskoða sérstaklega mtt. unglinga með ADHD og önnur þroskafrávik. Breytt skipulag kennslu á unglingsstiginu sem felst í því að fleiri kennarar koma að kennslunni og e.t.v. mismunandi kennarar í hverju fagi hentar alls ekki nemendum með ADHD. Verst er ástandið þar sem nemendur fara á milli kennslustofa fyrir hvert fag. Algengt er að foreldrar missi tókin þegar barnið verður að ungling m.a. vegna þess að samstarfið við skólann verður flóknara og þó svo að umsjónarkennari eigi að vera tengiliður við foreldri þá gengur það ekki alltaf eftir. Á sama tíma þyngist

# Endurskoðun grunnskólalaganna

námið og foreldri á þá e.t.v. bæði í erfiðleikum með að leiðbeina við heimanámið og á einnig í erfiðleikum með að eltast við alla fagkennarana til að fá upplýsingar um hvar unglingurinn er staddur í náminu og hvað mikið af námsefninu er ætlast til að hann komist yfir viku frá viku, hvenær er næsta próf, hvað á að lesa fyrir það osfrv. **Á unglingastiginu eru meiri kröfur gerðar til unglunga með ADHD miðað við aldur þeirra, og þeir standa ekki undir þeim kröfum.** Unglingar með ADHD gleyma jafnvel hvenær er næsta ball eða annað félagsstarf sem ekki er til að bæta ástandið, en þessum upplýsingum er ekki endilega miðlað til foreldra. Unglingur með ADHD getur verið kominn langt á eftir í einhverju fagi án þess að foreldri sé látið vita. Á unglingastiginu er ætlast til að unglingurinn sjálfur axli ábyrgð sem hann ræður ekki við. Hluti af einkennum ADHD felst í því að þau eru misþroska og á sumum sviðum eru þau töluvert á eftir og standa þar af leiðandi alls ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra miðað við aldur. Ekki er nægilegt tillit tekið til þessarar stöðu á unglingastiginu. Í raun gildir hið sama um unglunga með ADHD og börn með ADHD. Gallinn er sá að þegar komið er á unglingastigið gliðna allir rammar og frekar er ætlast til að unglingurinn meðtaki munnleg fyrirmæli og meðtaki til hvers er ætlast af honum án þess að það sé undirstrikað með sjónrænni dagskrá, reglum og fyrirmælum. Minna aðhald í frjálsum tímum, í frímínútum og á göngum skólanna eykur síðan líkur á árekstrum og uppákomum.

- *Skoða þarf sérstaklega í samvinnu við foreldra og sérfræðinga hvað er til ráða í sambandi við skipulag kennslu á unglingastigi sem snýr að nemendum með ADHD og skyldar raskanir. E.t.v. þurfa þau einn aðila innan skólans sem hjálpar þeim með skipulag námsins og námsgagna, og fylgist með hvar viðkomandi unglingur er staddur í náminu. Þessi aðili gæti verið námsráðgjafi, sér-*



*kennari, umsjónarkennari, eða einhver innan veggja skólans sem er tilbúinn að taka þetta að sér. Þá liggur beint við að sami aðili verði tengiliður við foreldra og hafi það hlutverk að upplýsa foreldra um námslega stöðu, heimanám og annað sem ekki er gefið að unglingurinn hafi meðtekið í skólastarfinu.*

- *Heimanám ætti að stórum hluta að fara fram í skólanum á unglingastiginu og ekkert val þar um. T.d. ef skyldumæting væri í heimanám tvisvar í viku þar sem vel er hugað að því að skapa aðstæður sem gera ungling með ADHD kleift að vinna og einbeita sér með stuðningi og aðhaldi umsjónarmanns. Heimilin eiga að vera gríðastaður fjölskyldunnar, en ekki vígvöllur átaka um heimanám ofan á aðrar skyldur og skammar samverustundir fjölskyldunnar milli loka vinnudags og svefntíma.*

- *Sjálfsagt er margt fleira sem laga mætti að þörfum unglunga með ADHD í skipulagi kennslu- og skólastarfs á unglingastiginu og hér engan veginn tæmandi upptalning á tillögum til úrbóta.*

**5. Félagslegi þátturinn; félagslegt öryggisnet, kennsla og æfingar í samskiptum, samvinnu og félagslegri**

**færni, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, tómstundastarf á vegum sveitarfélaga.**

Félagslegi þátturinn er gríðarlega mikilvægur þegar kemur að börnum með ADHD og skyldar raskanir. En ein af afleiðingum ADHD er skortur á innsæi og félagslegri færni til að lesa í aðstæður og hafa sjálfstjórn í félagslegum samskiptum. Barn eða unglingur sem á ekki vini og er útundan og er jafnvel lagt í einelti, er líklegri til að slá slöku við í náminu og ná ekki tilætluðum námsárangri. Þessir þættir námsleg og félagsleg staða eru því samtvinnaðir og báðir jafn mikilvægir.

- *Ákveðnar fagstéttir s.s. iðjubjálfar, listmeðferðarfræðingar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, fólk sem lagt hefur stund á tómstundafræði í HÍ eða KHÍ og kennarar hafa að einhverju leyti þekkingu á því hvernig hægt er að styrkja börnin félagslega og skapa félagslegt öryggisnet í skólunum. Við þurfum fleiri fagstéttir inn í skólana t.d. iðjubjálfa og félagsráðgjafa alla vega í stærstu skólana.*

- *Á frístundaheimilunum þurfa starfsmenn að hafa grunnþekkingu á ADHD og alla vega einn starfsmaður í hverju frístundaheimili þarf að vera háskóla-*

# Endurskoðun grunnskólalaganna



hag

menntaður á sviði tómsundafræða eða með sambærilega menntun og vera fær um að skipuleggja sérstaka dagskrá og hópstarf fyrir börn með ADHD og önnur augljós frávik í þroska, hvort sem fyrir liggur greining eða ekki. ADHD samtökin m.a. geta leiðbeint við þessa vinnu. Auka þarf miðlun upplýsinga um greiningar barnanna og styrkja samvinnuna milli skólanna, fristundaheimilanna og félagsþjónustu sveitarfélaga.

- Fyrir börn í 4. – 7. bekk sem eru félagslega einangruð, en meðal þeirra er hátt hlutfall barna með ADHD og önnur frávik í þroska, þarf að skipuleggja félagslegt öryggisnet yfir skólaárið. En slíkt starf felst t.d. í hópstarfi vikulega frá upphafi til enda skólaársins þar sem barnið á athvarf og hóp sem það tilheyrir og fær svigrúm til að auka færni sína í félagslegum samskiptum og styrkja sjálfsmyndina. Slíkt hópstarf hefur þegar verið tilraunaverkefni í samstarfi félagsþjónustu Reykjavíkur, ÍTR, grunnskólanna og ADHD samtakanna í tveimur hverfum borgarinnar. ADHD samtökin geta einnig leiðbeint með þá vinnu. Hópstjórar þurfa að hafa háskólamenntun í tómsundafræðum eða aðra sambærilega menntun. Í skólunum liggja fyrir upplýsingar um hvaða börn eru félagslega einangruð og tilvísanir koma frá skólunum. Styrkja

þarf samvinnuna milli skólanna, félagsmiðstöðva sveitarfélaga, félagsþjónustu sveitarfélaga og sérfræðinga Bugl í málefnum barna í 4. – 7. bekk með ADHD og önnur þroskafrávik.

- Fyrir unglingsstigið þ.e. börn í 8. – 10. bekk grunnskólans þarf að koma á skilvirku samstarfi við félagsmiðstöðvar sveitarfélaganna fyrir unglings. Í skólunum liggja fyrir upplýsingar um hvaða unglings eru félagslega einangraðir og hæðarleikur er að miðla þeim upplýsingum til starfsfólks félagsmiðstöðvanna í samráði við foreldra og beina þeim unglings inn í hópstarf og klúbbastarf félagsmiðstöðvanna, til íþróttafélaganna og í aðra tómsundaíðju skv. áhugasviði. Starfsmenn þurfa að hafa grunnþekkingu á ADHD og alla vega einn starfsmaður í hverri félagsmiðstöð þarf að vera háskólamenntaður á sviði tómsundafræða eða með sambærilega menntun og vera fær um að skipuleggja sérstaka dagskrá og hópstarf fyrir unglings með ADHD og önnur augljós frávik í þroska, hvort sem fyrir liggur greining eða ekki. Gríðarlega mikilvægt er að unglingsur með ADHD sem ekki stendur vel námslega leggi stund á eitthvert áhugamál eða íþrótt þar sem hann eða hún finnur fyrir styrkleika sínum og fær félagslega viðurkenningu. Að vera góður í einhverju

getur bjargað sjálfsmyndinni sem annars á undir högg að sækja. Styrkja þarf samvinnuna milli skólanna, félagsmiðstöðvanna, félagsþjónustu sveitarfélaga og sérfræðinga Bugl í málefnum unglings með ADHD.

- Huga þarf sérstaklega að frímínútum og öllum frjálsum stundum í skólastarfinu þar sem reynir meira á sjálfstjórn barna með ADHD. Tryggja eftirlit og stýringu í frímínútum og á göngum skólanna þar sem mest hættu er á árekstrum og uppákomum.

## 6. Greiningar

Endurskoða þarf reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem fela í sér að ekki er tekið mark á greiningum nema frá viðurkenndum stofnunum þegar meta á hvort greining barns eða unglings feli í sér það mikil vandkvæði að sérstök fjárveiting frá Jöfnunarsjóð vegna barns eða unglings með ADHD og fleiri viðurkennd frávik í þroska sé réttlætun.

## 7. Skilgreina og efla fyrsta og annars stigs þjónustu í samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélaga og heilsugæslu.

Kristján Már Magnússon sálfræðingur var verkefnisstjóri í verkefni sem var liður í stefnumótun fyrir málefni barna og unglings með geðraskanir árið 2004. Skýrslan var skrifuð í samræmi við umleitun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skýrslunni var tillaga um skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglings með geðraskanir. Jafnframt var tillaga um aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar. Tími er til kominn að ráðuneytin og samband íslenskra sveitarfélaga taki höndum saman um að vinna samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu m.a. að eflingu fyrsta og annars stigs þjónustu viðkomandi þjónustustofnana, þ.e. skólans, félagsþjónustu sveitarfélaga og heilsugæslunnar.

# Endurskoðun grunnskólalaganna



## ⑧. Samstarf heimila og skóla, miðlun upplýsinga og meðferð trúnaðarskjala.

Gott samstarf heimila og skóla er mjög mikilvægt þegar kemur að börnum og unglingum með ADHD og skyldar raskanir. Tryggja þarf gott upplýsingaflæði á báða vegu og eins þegar barn færast á milli skólastiga. Foreldri gerir ráð fyrir að upplýsingum um greiningar barns eða unglings, veikleika og styrkleika sé miðlað frá leikskóla til grunnskóla, frá skóla til skóla við flutning og við tilfærslu á unglingastigið. En því miður er því alls ekki alltaf þannig varið.

- Ef ætlast er til að foreldri sjái um þessa upplýsingamiðlun, þá þarf foreldri að fá tilmæli um það og foreldri þarf þá að hafa afrit af greiningargögnum, fundargerðum ofl. Foreldrar eiga alltaf að vera með í ráðum þegar fundað er um barnið þeirra.

- Nauðsynlegt er að endurskoða meðferð trúnaðarskjala í grunnskólanum. Skýrar reglur þurfa að vera um meðferð trúnaðarskjala, sem þó mega ekki hindra að viðkomandi aðilar innan veggja skólans sem koma að málefni barnsins hafi aðgang að niðurstöðum greininga og öðrum trúnaðarupplýsingum sem að gagni koma í starfi með barninu eða unglingnum.

- Þverfagleg samvinna þar sem foreldrar og fagfólk ræðir og tekur ákvarðanir um úrlausnarleiðir í mállefnum barna með ADHD og vandamál sem því tengjast í skólanum hefur gefið góða raun til að þjónustan sem í boði er nýtist betur barninu og fjölskyldunni. Á slíkum fundum er mikilvægt að fundargerðir séu ritaðar og foreldri fái afrit af þeirri fundargerð og í fundargerð komi fram hvenær á að funda næst til að fylgja málum eftir og meta árangur ákvarðanatöku og úrræða. Á slíkum fundum leggja allir sitt á vogaskálarnar sem miðar að sama markmiði jafnt

Í núverandi lögum í 42.gr og 43.gr. um sérfræðiþjónustu grunnskóla er gert ráð fyrir ráðgjöf og stuðningi sérfræðinga. Þessa grein laganna þarf að endurskoða m.t.t. barna með sérþarfir. Ef tryggja á allmenna vellíðan barna með ADHD og

aðrar sérþarfir innan grunnskólans, þá er ljóst að athuganir og greiningar á stöðu barns nægja ekki til að uppfylla þessa lagagrein. Fleiri stéttir sérfræðinga innan skólanna gætu frekar mætt ólíkum þörfum barna með sérþarfir.

hag

# Endurskoðun grunnskólalaganna

foreldrar sem fagaðilar og árangurinn verður yfirleitt mun meiri.

- Skólinn þarf að taka ábyrgð á handleiðslu kennara og annars starfsfólks, foreldri barns eða unglings með ADHD og skyldar raskanir á ekki að þurfa að vera í því hlutverki.

## 9. Skólamáltíðir og neysla á ruslfæði.

Skólamáltíðir þurfa að vera næringarlega rétt saman settar og finna þarf leiðir til að takmarka neyslu barna og unglinga á ruslfæði og sælgæti á skólatíma. Vinna markvisst að aukinni vatnsdrykkju á

skólatíma og taka upp lýsisgjöf eins og gert var hér áður fyrir e.t.v. í formi lýsisbelgja, í samráði við foreldra. Ýmislegt bendir til þess að börn og unglingar með ADHD og skyldar raskanir hafi minna þol fyrir sælgæti og öðru ruslfæði. Góð næring róar hugann og eykur einbeitingarhæfni. Hægt væri að gera tilraun í einum skóla og meta árangur einn vetur t.d. Aukin vatnsdrykkja er holl og hefur góð áhrif á heilastarfsemi og aðra líkamsstarfsemi.

## 10. Að öðru leyti taka fulltrúar ADHD samtakanna undir öll þau atriði sem komu fram í minnis-

punktum Sjónarhóls ráðgjafarmiðstöðvar vegna endurskoðunar grunnskólalaganna.

(Sjá á [www.sjonarholl.net](http://www.sjonarholl.net))

Samantekt unnu :

*Ingibjörg Karlsdóttir, formaður ADHD samtakanna.*

*Björk Þórarinsdóttir, gjaldkeri ADHD samtakanna.*

*Kristjana Ólafsdóttir, fulltrúi í skólamálanefnd ADHD samtakanna.*



## Iceland Express beinir athyglinni að athyglisbresti og ofvirkni

Iceland Express hefur tilkynnt að næsta árið muni félagið einbeita sér að því að styrkja ADHD samtökin, stuðningssamtök fjölskyldna barna og unglinga með athyglisbresti og ofvirkni.

Samkomulag sem Birgir Jónsson framkvæmdastjóri Iceland Express og Ingibjörg Karlsdóttir formaður ADHD samtakanna undirrituðu þann 4. júlí 2006 felur í sér stuðning við fræðslu-átak um einkenni og afleiðingar ADHD (e. Attention Deficit Hyperactivity Disorder).

Sérstök áhersla verður lögð á gerð fræðsluefnis fyrir kennara um þarfir nemenda með ADHD.

Iceland Express mun leggja ADHD samtökunum lið með margvíslegum hætti, til dæmis með því að standa fyrir skipulegri klínksöfnum meðal farþega. Verður stuðningur farþega Iceland Express nýttur til að útbúa greinargott fræðsluefni fyrir kennara um nám barna sem glíma við ADHD en samkvæmt könnunum eru ofvirk börn stærsti streituvaldurinn í starfi grunnskólakennara.

Einnig er stefnt að því að halda sérstök námskeið fyrir kennara um þetta efni. Þá mun Iceland Express einnig veita ferðastyrki sem munu auðvelda samtökunum að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu.

Framkvæmdastjóri Iceland Express segir starfsmenn flugfélagsins hafa verið einhuga um að einbeita sér að stuðningi við ADHD samtökin næstu tólf mánuðina. „Þegar við kynntum okkur starfsemi samtakanna sáum við strax hvað verk-efnin sem þau glíma við eru aðkallandi.

Besta leiðin til þess að vinna gegn fordómum er að fræða fólk um ADHD og hvað hægt er að gera til að hjálpa þessum hópi, sérstaklega krökkum, til að eiga eðlilegt líf.“

Samningurinn við Iceland Express er mikil lyftistöng fyrir ADHD samtökin. Þar kemur þrennt til; kynning á málefni samtakanna um borð í flugvélum Iceland Express, ferðir til meginlandsins t.d. á ráðstefnur í boði Iceland Express og síðast en ekki síst klínksöfnunin um borð í flugvélunum.

*Ingibjörg Karlsdóttir tók saman*